

Evrópukeppni bikarhafa:

Fram – Djurgården



Laugardalsvöllur 19. september

90/1 cwc

Mynd – Jóhann G. Kristinsson

Við kunnum brauð að baka

Bökum fyrir brauðbari
veitingahúsanna í Reykjavík



Álfabakka 12
Grensásvegji 48
Bankastræti 2
Rofabæ 39
Glæsibæ
Nýjabæ
Laugavegi 20

Sími 71818
Sími 681618
Sími 621618
Sími 672599
Sími 685412
Sími 612018
Sími 621070

J.L.-húsinu
Reykjavíkurvegi 62
Hamraborg 14
Garðatorgi Garðabæ
Rauðarárstíg

Sími 15676
Sími 54620
Sími 44200
Sími 656120
Sími 620020

Opið virka daga kl. 8-18
Laugardaga kl. 8-16
Sunnudaga kl. 9-16.

**Ný brauð alla
daga vikunnar
og margar gerðir af
gömsætum kökum**



Sveinn & Bakari



Knattspyrnu- deild 1990

Skrifstofa knattspyrnudeildar er opin alla virka daga kl. 13–14 í Framheimilinu, Safa-
mýri 28, símar 680342 og 680343.

Stjórn knattspyrnudeildar

Halldór B. Jónsson, formaður.
Eyjólfur Bergþórsson, varaformaður.
Ólafur Orrason, ritari.
Albert Sævar Guðmundsson, gjaldkeri.
Gylfi Þór Orrason, spjaldskrárritari.
Ragnar Ingólfsson.
Sigurður J. Svavarsson.
Kristbjörn Þorkelsson.
Eggert Steingrímsson.
Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

Framkvæmdastjóri

Jóhann G. Kristinsson.

Meistara- og 2. flokksráð

Eyjólfur Bergþórsson, formaður.
Ólafur Orrason, 2. flokkur.
Halldór B. Jónsson.

Líðsstjórar meistaraflokks

Vilhjálmur Hjörleifsson.
Ástþór Óskarsson.

Unglingaráð

Gylfi Þór Orrason, formaður.
Vilhjálmur Sigurgeirsson, 3. flokkur.
Ragnar Ingólfsson, 3. flokkur.
Kristbjörn Þorkelsson, 4. flokkur.
Vilmar Hafsteinn Petersen, 4. flokkur.
Ingimundur Magnusson, 4. flokkur.
Eiríkur Helgason, 5. flokkur.
Pétur Guðlaugsson, 6. flokkur.
Sigurður J. Svavarsson, 6. flokkur.

Leikskrá 1990

Ritstjórn og utlit: Jón Kristján Sigurðsson,
Stefán Kristjánsson.

Auglýsingar: Jóhann G. Kristinsson.

Umbrot, filmvinnan og prentun: Friðs Fjól-
miðlun.

Myndir: Jóhann G. Kristinsson og fleiri.

Ávarp formanns:

Velkomin til leiks

Evrópukeppni í knattspyrnu að hausti er skemmtilegur lokabáttur keppnisársins og eykur fjölbreytni í starfi Knattspyrnu-
félagsins Fram. Leikmenn okkar koma nú inn á völlinn í 29. Evrópuleik félagsins og sá 30. fer fram erlendis að hálfum mánuði liðnum.

Að þessu sinni eru andstæðingar okkar sænska félagið Djurgårdens IF frá Stokk-
hólmi. Aldrei áður hafa leikmenn Fram
att kappi við sænskt lið í slíkri keppni, en
frábær árangur félagsliða og landsliðs
Svíá er þekktur um allan heim. Þetta er
raunar í annað sinn, sem Djurgården

heimssækir okkur. Þeir komu hingað 1948,
fyrir 42 árum, og sigruðu með 5 mörkum
gegn 2 á gamla og góða Melavellinum. Það
er kominn tími til að bæta Evrópuárangur
félagsins og hefna úrslitanna frá 1948.

Við bjóðum leikmenn og forystumenn
Djurgårdens velkomna til Reykjavíkur.
Við vonum að þeir hafi ánægju af dvöl
sinni á Íslandi, þó stutt sé, og haldi heim
á ný með ánægjulegar minningar um
dregilegan leik og góðar móttökur.

Halldór B. Jónsson
formaður



● Tviburarnir Halþór og Eyþór Theódórssonir leika með b-liði 6. flokks og sjást hér hlaðnir verðlaunagripum.

Menn framtíðarinnar

Margir ungir knattspyrnumenn í Fram hafa leikið mjög vel í sumar og greinilegt að framtíð-
in er björt. Geti má þess að b-liði 6. flokks vann sigur á Tommamótinu í Eyjum og einnig á
Pollamóti Eimskips. Framarar unnu til fleiri titla í yngri flokkum í sumar og frá árangri
þeirra er greint á bls. 4, 5 og 21.

Þriðji flokkur bikar-meistari

– Fram vann FH í úrslitaleik, 3–1

3. flokkur félagsins stóð sig með þryði á mótum sumarsins en einu móti, Haustmótinu, er ekki lokið. 3. flokkurinn vann sigur á Miðsumarsmótinu og fyrir skemmstu vannst sigur í bikarkeppni eftir úrslitaleik gegn FH, 3–1, á Valbjarnarvellinum í Laugardal.

3. flokknum vegnaði mjög vel framan af keppnistímabilinu og tapaði liðið ekki leik á fjórða mánuð. Flokkurinn beið sinn fyrsta ósigur gegn Þór frá Akureyri í úrslitakeppninni á Íslandsmótinu.

„Þegar á heildina er lítið er ég sáttur við gengi liðsins í sumar. Ef hugafarið hefði verið rétt í úrslitakeppninni á Íslandsmótinu, er aldrei að vita nema að við hefðum náð enn lengra. Það er leiðinlegt að hafa ekki gert betur en það þýðir ekkert að gráta það. Úrslitakeppnin eða alls fjórir leikir er leikin á einni helgi og allt getur gerst,“ sagði Vilhjálmur Sigurhjartason, þjálfari 3. flokks.

„Strákarnir sýndu verkefnum sumarsins mikinn áhuga og voru staðráðnir að standa sig vel. Um 20 strákar æfðu að staðaldri en hópurnir kom ekki allur saman fyrr en í byrjun maí. Stór hluti flokksins stundar aðrar íþróttagreinar yfir veturinn þannig að ekki var hægt að byrja fyrr. Miklar breytingar eiga sér stað í haust en þá gengur stór hluti strákanna upp í 2. flokk. Það kemur maður í manns stað og strákarnir sem ganga upp úr 4. flokki eiga örugglega eftir að standa sig.“

Vilhjálmur hafði ekki þjálfað hjá félaginu fyrr en í sumar en hvernig skyldi honum hafa lík að í þessu starfi?

„Ég hef haft virkilega gaman af þessu starfi. Þetta er mjög gefandi en um fram allt mikil vinna. Við höfum æft 3–4 í viku hverri og svo er leikið um helgar. Ég væri allt eins tilbúinn að þjálfá áfram hjá félaginu en tíminn verður að skera úr um það hvort af því verður,“ sagði Vilhjálmur Sigurhjartason.



Jonas Valdimarsson fyrirlíði 3. flokks hampar bikarum.



Bikarmeistarar 3. flokks eftir sigurinn gegn FH á Valbjarnarvelli í Laugardal.

2. flokkur:

Gott tímabil á enda

2. flokkur náði þeim frábæra árangri að sigra í öllum þeim mótum sem flokkurinn tók þátt í. 2. flokkurinn byrjaði á því að vinna sigur á Reykjavíkurmótinu, síðan í bikarkeppni KSÍ eftir urslitaleik við IBV, 2-0, og loks vannst Íslandsmeistarátitillinn á sannfærandi hátt á dögnum.

Hvað skyldi nú þjálfari liðsins, Magnús Jónsson, segja um þennan frábæra árangur:

„Strákarnir syndu verkefnum sumarsins mikinn áhuga og gáfu sig af öllu afli í mótin. Ennfremur hafa strákarnir hlotið góða kennslu í gegnum yngri flokkana og það hefur aflaust komið þeim til góða í sumar. Ég er auðvitað mjög ánægður með frammistöðuna í sumar, við tókum allt sem hægt var að taka,“ sagði Magnús Jónsson, þjálfari 2. flokks.

Magnús heldur áfram: „Flestir strákanna hafa mjög góðan skilning á íþróttinni og við getum sagt að þeir séu orðnir þroskaðir knattspyrnumenn. Ég sá í upphafi keppnistímabilsins að við ættum vissa möguleika á mótunum í sumar en við þurftum svo sannarlega að hafa fyrir hlutunum í flestum leikjunum. Það er bjart framundan þó að fimm fastamenn gangi upp ur flokknum, það verður þó erfitt að fylgja þessu eftir en það kemur alltaf maður í manns stað,“ sagði Magnús Jónsson.



● Águst Ólafsson, fyrirlíði 2. flokks, hefur góða ástæðu til brosa. Águst tók á mótum þremur titlum fyrir hönd flokksins í sumar en á myndinni heldur Águst á titlinum sem vannst fyrir sigur í bikarkeppinni. Fram vann sigur á IBV, 2-0, sem fram fór í Þorlákshöfn.



● Rikharður Daðason, Steinar Guðgeirsson og Anton Markússon léku meira og minna með 2. flokknum í sumar en þeir komu einnig við sögu með meistaraflokknum og stóðu sig þar með mikilli þryði.




● 2. flokkurinn eftir sigurinn gegn IBV í bikarkeppinni. Strákarnir komu heim í Safamyriina með þrjá titla að af loknu keppnistímabilinu.

Þessum fyrirtækjum er þakkaður veittur stuðningur



KREDITKORT HF.
ÁRMÚLA 28
108 REYKJAVÍK



Smíðjuvegi 2 · 200 Kópavogi · Sími 91 46600 · Fax 91 45200 · STÁLHUSGAGNAGERÐ

Við kaupum verðlaunagripina hjá **ÍS-SPOR HF**
Auðbrekku 4, Kópavogi. s. 43244.



Landsbanki Íslands
Banki allra landsmanna

Rydens-Kaffi hf

Auðbrekku 20 · 202 Kópavogi · Pósthólf 260 · Símar 43200 & 41114

ÁGÚST ÁRMANN hf.
UMBODS- OG HEILDVERZLUN
SUNDAÞORG 24 - REYKJAVÍK



MARKAÐUR

ÁLFASKEIÐ 115 - HAFNARFIRÐI - SÍMI 52824



Sanitas

Posth. 721 100 Reykjavík · Símar 30250 - 35353 · Tölvu 181 9402092



STUDIO BRAUÐ

HVAÐENNISBRAUT 63 · Símar 33614 & 33615

Pétur Ormslev, fyrirliði Fram:

„Gaman að takast á við þetta verkefni“

„Leikurinn gegn Djurgården leggst vel í okkur strákana. Það var virkilega gaman að dragast gegn þessu sænska liði, ég persónulega hef aldrei áður leikið gegn sænsku félagsliði áður þannig að það verður gaman að takast á við þetta verkefni. Við vitum sáralítið um Djurgården en Ásgeir Eliasson hefur að vísu séð liðið leika,“ sagði Pétur Ormslev, fyrirliði Fram, um leikinn gegn Djurgården á Laugar-dalsvelli í dag.

„Munum veita Djurgården harða keppni“

„Ef við náum að leika okkar leik er ég þess fullviss að við komum til með veita sænska liðinu harða keppni. Við stefnum að sigri og að öllum líkindum verður allt sett í sóknarleikinn en fyrir okkur er Djurgården óskrifað blað. Ég hef trú á að fyrstu mínúturnar fari í þreyfingar og síðan verður allt sett á fullt. Það er alltaf jafn gaman að taka þátt í Evrópukeppninni og við strákarnir lítum á þessa keppni sem einskönar bónusleiki.“

„Ferðakostnaður í lágmarki“

„Flóringurinn fyrir þessari keppni byrjar alltaf í júlí þegar dregur að drættinum en maður er óeitanlega mjög spenntur að sjá hvaða mótherja liðið fær. Það

„Stefnan tekin á 2. umferð“

„Stefnan er tekin á 2. umferð en það hlýtur einhvern tímann að koma að því að íslensk félagslið komist alla leið í 3. umferð. Það er alveg ljóst að ef við náum hag-



● Pétur Ormslev leikur hér á einn leikmann Steauna Bukarest í fyrri leik liðanna í Bukarest í Evrópukeppni meistaraliða. Steauna sigraði í leiknum, 4-0, og þótti of stórt miðað við gang leiksins.

eru margir kostir því samfara að dragast gegn Djurgården en sá stærsti er hvað stutt er að ferðast til Svíþjóðar. Ferðakostnaður verður í lágmarki og það er gott fyrir knattspyrnudeildina þegar svo er,“ sagði Pétur.

stæðum úrslitum hér heima í fyrri leiknum, munum við leika stífan varnarleik í síðari leiknum

í Stokkhólmi. Ég á von á skemmtilegum leik hér í dag,“ sagði Pétur Ormslev.

Evrópuleikir Fram Evrópukeppni meistaraliða:

| | | |
|-------|--------------------------------------|--------|
| 1973: | Fram-Basel(Sviss)..... | 0-52-6 |
| 1987: | Fram-Sparta Prag(Tékkóslóvakíu)..... | 0-20-8 |
| 1988: | Fram-Steaua Bukarest(Rúmenía)..... | 0-10-4 |

Evrópukeppni bikarhafa:

| | | |
|-------|------------------------------------|--------|
| 1971: | Fram-Hibernians(Möltu)..... | 0-32-0 |
| 1974: | Fram-Real Madrid(Spáni)..... | 0-20-6 |
| 1980: | Fram-Hvidovre(Danmörku)..... | 0-10-2 |
| 1981: | Fram-Dundalk(N-Írlandi)..... | 2-10-4 |
| 1982: | Fram-Shamrock Rovers(Irlandi)..... | 0-30-4 |
| 1985: | Fram-Glentoran(N-Írlandi)..... | 3-10-1 |
| 1986: | Fram-Rapid Wien(Austurríki)..... | 2-10-3 |
| 1988: | Fram-GKS Katowice(Póllandi)..... | 0-30-1 |
| 1988: | Fram-Barcelona(Spáni)..... | 0-20-5 |

UEFA-bikarinn:

| | | |
|-------|--|--------|
| 1976: | Fram-Slovan Bratislava(Tékkóslóvakíu)..... | 0-30-5 |
| 1977: | Fram-Start(Noregi)..... | 0-20-6 |

Jón frestaði brottför



● Jón Sveinsson.

Jón Sveinsson frestaði brottför sinni til Bandaríkjanna og leikur með Fram gegn Djurgården í dag. Jón, sem stundar nám í ferðamálafræðum í San Diego, hafði fyrirhugað að halda vestur um haf á mánudaginn var en Jón breytti brottfaradegi og heldur utan strax í fyrramálið. Jón verður hin vegar fjarri góðu gamni í síðari leiknum gegn Djurgården.

● Óvíst er hvort Kristinn R. Jónsson leikur með en hann hefur átt við meiðslu að stríða. Kristinn lék ekki með í leiknum gegn Val um síðustu helgi, meiddist á lokaæfingu liðsins fyrir viðureignina gegn Val.

Meistaratitlinum fagnað



● Framarar lagna Íslandsmeistaratitlinum eftir sigurinn glæsilega gegn Val ásamt ungum stuðningsmönnum liðsins.

Mynd- Johann G. Kristinsson



● Kristján Jónsson hampar bikarnum. Til vinstri er Ríkhartur Daðason og Jon Sveinsson til hægri.

Mynd - Bjarni Eiríksson



● Viðar Þorkelsson skoraði sigurmörkið gegn Val og sést hér með Íslandsbikarinn.

Mynd - Bjarni Eiríksson

Ýmsir punktar varðandi Evrópukeppnina:

29. Evrópuleikur Fram og sjötta árið í röð

– Fram og Djurgården hafa áður mætst á knattspyrnuvöllinum

Framarar leika í dag í Evrópukeppni bikarhafa gegn Djurgården í alhvítum buningum. Ástæðan fyrir því er sú að buningur sænska liðsins er blár. Í fyrri leiknum, sem fram fer á Rasunda Stadion í Stokkhólmi, verða Framarar í sínum alkunna buning en Djurgården klæðist þá hins vegar gulum buningum.

Strangari reglur um lyfjapróf

● Knattspyrnusamband Evrópu hefur hert til muna reglur um lyfjapróf á Evrópumótunum. Leikmenn eiga nu von á að verða teknir í lyfjapróf á nokkurs fyrirvara. Ákveðnir leikir eru dregnir út hjá bografótgeta í Genf og síðan kemur lækni UEFA eftir að leikur er hafinn.

Heimafélagi er skylt að gera ráð fyrir að lækniinn komi, hafa

fyrir hann sæti í heiðursstúku og aðstöðu til synatöku eftir leikinn.

Leiktíminn ákveðinn með hliðsjón af birtu

● Leiktíminn á leiknum í dag milli Fram og Djurgården var ákveðinn með hliðsjón af birtu en þegar kominn er þessi árstími er birtu farið bregða mjög snemma.

Leikurinn í dag er 29. Evrópuleikur Fram frá upphafi. Fram hefur leikið sex leiki í UEFA-keppninni og sama leikjafjölda í Evrópukeppni meistara-liða. Leikurinn í dag gegn Djurgården er sjautjándi í röðinni í Evrópukeppni bikarhafa. Á þessu sést hafa Framarar yfir að ráða talverðri reynslu í keppni sem þessari.

Dómarar koma frá N-Írlandi

● Dómari leiksins í dag kemur frá N-Írlandi og einnig hans aðstoðarmenn á línunni. Dómarinn sem hér um ræðir heitir Wilfred Wallace og hefur hann yfir töluverðri reynslu yfir að ráða sem milliríkjadómari. Línuverðir verða G. McGrath og Oliver Cooney. Þetta línuvarðarpar var einnig á línunni á leik FH og skoska liðsins Dundee United, sem fram fór í Hafnarfirði í gærkvöldi.

Eftirlitsdómarinn kemur frá Noregi

● Fulltrúi UEFA á leiknum í dag verður Rolf Hyhus frá Noregi. Hlutverk hans er sjá til þess að allt fari fram eftir settum reglum. Í því felst meðal annars að staðfesta áhorfendafjölda á leiknum

og síðast en ekki síst að fylgjast með frammistöðu dómarans. Ennfremur er hann úrskurðaraðili í ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma.

Nýjar reglur frá FIFA

● Vakin er athygli á nýjum reglum frá Alþjóða knattspyrnusambandinu (FIFA): 1. Rangstöðureglan breytist og er nú sóknarmönnum heimilt að vera samsíða aftasta manni. 2. Skylt er að leika með legghlífar. 3. Það varðar brottvísun að stöðva leikmann ólöglega, sem er að sleppa einn í gegn.

Þessar reglur hafa ekki gilt á Íslandsmótinu í sumar en hafa tekið gildi á alþjóðavettvangi. Breytingin á rangstöðureglunni getur breytt talsverðu í samskiptum varnar og sóknar og hugsanlega opnað leikinn meir.

Fram áður leikið gegn Djurgården

● Framarar hafa einu sinnu áður leikið gegn sænska liðinu Djurgården. Sá leikur fór fram á gamla góða Melavellinum í júnímánuði 1948 og sigraði sænska liðið í leiknum, 5-2, eftir að Fram hafði tvívegis jafnað í leiknum.

6. árið í röð með í Evrópukeppninni

● Þetta er í 6. árið í röð sem Fram tekur þátt í Evrópukeppninni í knattspyrnu. FH-ingar, sem leika í keppni félagsliða og KA í keppni meistara-liða, eru hins vegar að stíga sín fyrstu spor á þessum vígstöðvum. Undanfarin fimm ár voru það ætíð sömu íslensku félögin sem tóku þátt, það er Fram, Valur og IA.

Fram leikur í Adidas buningum

● Fram-liðið leikur í Adidas buningum gegn Djurgården í dag eins og liðið hefur raunar gert undanfarin tíu ár. Fram leikur með auglýsingu frá aðalstyrktaraðila Knattspyrnudeildar Fram, ferðaskrifstofunni Samvinnuferðum. Í leiknum verður leikið með bolta frá Adidas af gerðinni Tango Azzurri.



● Guðmundur Steinsson gerir sig líklegan til renna knettinum gegnum klólið á varnarleikmanni, Steaia Bukarest, í Evrópukeppninni í fyrra. Guðmundur verður í fremslu viglinu gegn Djurgården.

Þessum fyrirtækjum er þakkaður veittur stuðningur

doppeldusch



NES HF.
SKIPAFÉLAG



Blikk & Stál HF



ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDAÁÐ
REYKJAVÍKUR

Idhúshornið hf.

Suðurlandsbraut 20 – 108 Reykjavík
Sími 91 - 84090
Kt. 611188 - 1539



**Vélsmiðja
Einars
Guðbrandssonar**
Eirhöfða 15 – Sími 63 89 88
Funahöfða 14 – Sími 67 24 88

BÓLSTURVERK
HÚSGAGNAVERSLUN
KLEPPSMÝRARV. 8
S: 36120

Járnverk,
Ármúla 32, s. 84606

GÓA h.f.

SÆLGÆTISGERÐ
Bæjarhrauni 24 – ☎ 53466.
Pósthólf 406 – 222 Hafnarfirði



STEINAR HF.
STÁLHUSGAGNAGERÐ

Djurgården sterkt um þessar mundir

– liðið í hópi efstu liða í sænsku úrvalsdeildinni

Fram tekur að þessu sinni þátt í Evrópukeppni bikarhafa í níunda skipti og mótherjar okkar er sænska liðið Djurgården frá Stokkhólmi. Þetta er í þriðja skipti sem mótherjar Fram á Evrópumótunum koma frá Norðurlöndunum.

Sænsk knattspyrna á mikilli uppleið

Á síðustu árum hefur Fram ansi

oft dregist á móti þekktum liðum frá austur-Evrópu og má því með sanni segja að þetta sé skemmtileg nýbreytni að mæta Djurgården í 1. umferð keppinnar. Sænsk knattspyrna hefur verið á mikilli uppleið á síðustu árum og er árangur félagsliða á Evrópumótunum og landsliðsins talandi dæmi um það. Sænska landsliðið tryggði sér þátttöku í úrslitakeppni heimsmeistara-

keppinnar á Ítalíu í sumar en sneri heim að lokinni riðlakeppinni.

Djurgården hefur merka sögu að baki

Djurgården var stofnað 1891 eða sjaután árum á undan Fram. Liðið hefur að baki merka sögu í sænskri knattspyrnu en með liðinu hafa leikið nokkrir af sterkustu leikmönnum landsins, sem einnig hafa gert garðinn frægan með landsliðinu. Djurgården vann sinn fyrsta meistaratítul 1912 en alls hefur liðið unnið þennan titil átta sinnum, síðast 1966. Á síðasta vori vann félagið sinn fyrsta sigur í bikarkeppinni eftir að hafa lagt Håcken að velli, 3-0, en með því félagi leikur Gunnar Gíslason.

Tröppugangur á síðustu áratugum

Tröppugangur hefur verið á gengi liðsins á síðustu áratugum og fáir titlar hafa unnið ef undan er skilinn árangur liðsins í fyrra. Á árunum 1985-87 átti liðið ekki sæti í sænsku úrvalsdeildinni en strax á fyrsta ári í úrvalsdeild-

inni 1988 hafnaði liðið í þriðja sæti. Á síðasta keppnistímabili lenti liðið í sjötta sæti auk þess að vinna sigur í bikarkeppinni. Besta árangri í Evrópukeppni náði liðið 1955 en þá komst það alla leið í 8-liða úrslit.

Afleit byrjun en nú í toppslagnum

Á yfirstandandi keppnistímabili er Djurgården í hópi efstu liða eftir afleitt gengi framan af mótinu. Á síðustu vikum hefur liðið unnið hvern sigurinn á fætur öðrum, sem segir sitt upp styrkleika liðsins um þessar mundir. Gera forráðamenn liðsins sér vonir um að liðið nái að tryggja sér Evrópusæti þrátt fyrir allt sem á undan er gengið.

Meðalaldur liðsins er um 23,7 ár

Djurgården er skipað nokkrum ungum og upprennandi knattspyrnumönnum en meðalaldur liðsins er um 23,7 ár. Að sögn kunnugra leikur liðið sterkan vinnarleik en sóknarleikurinn er þó alltaf að verða beittari og glöggð dæmi um það er að liðið hefur verið að skora allt að níu mörk í leik í úrvalsdeildinni í sumar. Peter Skoog, framlinumaður, var markahæsti leikmaður liðsins á síðasta tímabili, skoraði átta mörk en Skoog er 24 ára að aldri. Niklas Karlström skoraði sex mörk en liðið sá á eftir sterkum leikmönnum fyrir þetta keppnistímabil, þeirra sterkastur var, Stefan Rehn, sem leikur nú með IFK Gautaborg. Þjálfari liðsins er Lennart Waas en þetta er hans fyrsta keppnistímabil með félagið. Lennart Waas er 37 ára að aldri en þjálfaði áður lið í neðri deildum í Svíþjóð.

17 íþróttagreinar og meðlimir 11.500

Djurgården leikur heimaleiki sína á hinum glæsilega Råsunda-leikvangi í Stokkhólmi, sem tekur um 45 þúsund áhorfendur. Venjulega leikur liðið á Stokkhólms Stadion en vegna framkvæmda er leikvangurinn lokaður til 1991. Innan félagsins eru stundaðar 17 íþróttagreinar og fjöldi félaga er 11.500. Formaður félagsins er Jan Lilja.



● Mikael Martinsson kom til liðsins í fyrra og hefur leikið mjög vel.



● Peter Skoog var markahæsti leikmaðurinn í fyrra og skoraði 8 mörk.



● Niklas Karlström til hægri á myndinni í baráttunni um knöttinn í leik gegn Malmö í Stokkhólmi á síðasta keppnistímabili. Karlström skoraði 6 mörk fyrir Djurgården í fyrra.



Borgarsteinn hf.,

Faxafeni 14

adidas 

Egils

...að sjálfsögðu!



Blómabúðin
VÖR

GILBERT ÚRSMÍÐUR

LAUGAVEGI 62
SÍMI 14100
101 REYKJAVÍK

VIKURBRAUT 20
SÍMI 92-8110
240 GRINDAVÍK



Markverðir

| | | | |
|--------------------------|----|---|----|
| Birkir Kristinsson | 26 | 5 | 83 |
| Vilberg Sverrisson | 18 | 0 | 1 |

Varnarmenn

| | | | |
|------------------------------|----|----|-----|
| Kristján Jónsson | 26 | 12 | 104 |
| Viðar Þorkelsson | 27 | 27 | 251 |
| Þorsteinn Þorsteinsson | 26 | 9 | 225 |
| Ágúst Ólafsson | 19 | 0 | 1 |

Miðvallarleikmenn

| | | | |
|---------------------------|----|----|-----|
| Anton B. Markússon | 19 | 0 | 21 |
| Baldur Bjarnason | 21 | 0 | 22 |
| Haukur Pálmason | 19 | 0 | 6 |
| Kristinn R. Jónsson | 26 | 4 | 221 |
| Pétur Arnþórsson | 25 | 28 | 105 |
| Pétur Ormslev | 32 | 36 | 317 |
| Steinar Guðgeirsson | 19 | 0 | 37 |

Söknaarleikmenn

| | | | |
|-----------------------------|----|----|-----|
| Arnþjótur Davíðsson | 22 | 3 | 81 |
| Guðmundur Steinsson | 30 | 19 | 272 |
| Jón Erling Ragnarsson | 26 | 0 | 18 |
| Ríkharður Daðason | 18 | 0 | 38 |

● (Tölur: aldur, A-landsleikir, leikir með Fram).



● Pétur Ormslev, fyrirlíði Fram.



● Ásgeir Ellason, þjálfari Fram.



Markverðir

| | | | |
|---------------------|----|---|----|
| Anders Almgren..... | 22 | 0 | 26 |
| Kjell Frisk | 26 | 0 | 0 |

Varnarmenn

| | | | |
|-------------------------|----|---|-----|
| Jan Andersson..... | 25 | 0 | 0 |
| Kenneth Bergqvist | 22 | 0 | 0 |
| Jonas Claesson | 23 | 0 | 7 |
| Stephan Kullberg | 31 | 0 | 272 |
| Lars Lundborg..... | 27 | 0 | 20 |
| Leif Nilsson | 27 | 0 | 67 |
| Glenn Schiller..... | 30 | 0 | 193 |
| Anders Svensson..... | 19 | 0 | 0 |

Miðvallarleikmenn

| | | | |
|------------------------|----|---|----|
| Ken Burwall..... | 24 | 0 | 0 |
| Patrik Eklöf..... | 21 | 0 | 9 |
| Jens Fjellström..... | 24 | 0 | 48 |
| Patrik Hagman | 24 | 0 | 0 |
| Niklas Karlström | 24 | 0 | 72 |
| Tomas Lundmark | 27 | 0 | 90 |
| Patrik Luxemburg..... | 18 | 0 | 0 |
| Peter Mörk | 21 | 0 | 19 |
| Krister Nordin..... | 22 | 0 | 47 |
| Kefa Olsson..... | 25 | 0 | 4 |

Sóknarleikmenn

| | | | |
|------------------------|----|---|----|
| Mikael Martinsson..... | 24 | 0 | 8 |
| Anders Nilsson | 21 | 0 | 0 |
| Peter Skoog | 25 | 0 | 33 |

● (Tölur: aldur, A-landsleikir, leikir í 1. deild með Djurgården).



● Lennart Wass, þjálfari Djurgården.





● Stephan Kullberg, leikreyndasti leikmaður Djurgården.



FREYJA HF.

KÁRSNESBRAUT 104 KÓP.
SIMAR 41760



624215

SPILAÐU MEÐ ÞÍNU LIÐI !



Um leið og þú tekur
þátt í Getraunum
styður þú við bakið
á þínum mönnum.

Viljirðu styrkja

FRAM

þá merkirðu

108

við félagsnúmer á
seðlinum.



„Þessu augnabliki gleymi ég aldrei“

– segir Viðar Þorkelsson um sigurmarkið gegn Val sem tryggði Fram meistaratitilinn



● Viðar Þorkelsson skorað sigurmarkið gegn Val en markið tryggði Fram Íslandsmeistarátitilinn.

Viðar Þorkelsson, vinstri bakvörður liðsins, kom mikið við sögu í leiknum gegn Val á Íslandsmótinu um síðustu he. 3. Viðar gerði sér lítið fyrir og skoraði sigurmarkið, sem tryggði Fram Íslandsmeistarabikarinn. Þetta var eina mark Viðars á keppnistífmabilinu og má með sanni segja að það hafi komið á réttu a. i. augnabliki.

„Svona augnabliki gleymir maður aldrei“

Hvað skildi Viðar segja um þetta mark gegn Val?

„Það fór um mig straumur þegar ég sá knöttinn liggja í netinu. Augnabliki sem þessu gleymir maður aldrei á lífsleiðinni. Þetta mark á eftir að lifa í minningunni. Ég hafði alltaf tru á því að þetta myndi ganga upp hjá okkur. Allt liðið lagðist á eitt í þessum leik og stemmningin var stórkostleg,“ sagði Viðar Þorkelsson.

Viðar lék sinn fyrsta Evrópuleik fyrir Fram 1981, þá 18 ára gamall. Fram lék þá gegn Dundalk í Evrópukeppni bikarhafa og var fyrri leikur liðanna á Laugardalsvelli. Viðar segir að þessi leikur sé afar minnisstæður en Fram vann leikinn, 2–1, en útileikurinn tapaðist, 0–4.

„Ég átti stóran þátt í síðara markinu. Pétur Ormslev tók hornspyrnu og ég náði að skalla að markinu og virtist knötturinn vera á leiðinni í markið en Guðmundur Steinsson ytti boltanum yfir marklinuna,“ sagði Viðar.

Viðar hefur skorað eitt mark fyrir Fram í Evrópukeppninni. Fram lék gegn Glentoran 1985 í keppni bikarhafa og skoraði Viðar þá glæsilegt skallamark en Fram sigraði í leiknum, 3–1. Fram tapaði síðari leiknum, 0–1, og komst áfram í 2. umferð keppinnar.

„Það getur allt gerst gegn Djurgården“

„Mér list vel á leikinn gegn Djurgården og ef við náum okkur á strik getur allt gerst. Við eigum góða vörn og miðjan er sterk og ekki hef ég áhyggjur af sóknarleiknum. Sigurinn á Íslandsmótinu gefur liðinu byr undir báða vængi til að ná fram hagstæðum úrslitum gegn Djurgården“

**Kassagerð
Reykjavíkur hf.**

– Kleppsvegi 33 – S. 38383

FM  957

FRESHLENS

Gleraugnamiðstöðin

Laugavegi 24 • Símar 20800 & 22702
Box 371 • 121 Reykjavík • Ísland



Eldsmiðjan

Pitsustaður
Bragagötu 38a – S. 14248

Þessum fyrirtækjum er þakkaður veittur stuðningur





ICELANDAIR
HÓTEL ESJA
SUDURLANDSBRAUT 2




 **S:10440**
OPÍÐ
man. - fimmtud. kl. 8.00-17.00 föstud. kl. 8.00-16.00
Borgartúni 21 - Reykjavík
Vöruflutningamiðstöðin hf
Borgartúni 211 04 40, 62 14 44
Framkvæmdastjóri1 60 35

SIEMENS
RAFMAGNSVÖRUR

B.M. VALLÁ H F


Dverghöfða 27 Sími 673737


28400

EIMSKIP

NORRÆNA FERÐASKRIFSTOFAAN

Öll almenn farseðlasala, persónuleg þjónusta

Símar: 91 - 626362 og 97 - 21111

Sanitas

Mix




Mix er meiriháttar

SPORTVÖRUVERSLUNIN SPARTA

höfum opnað nýja glæsilega sportvöruverslun á Laugavegi 97
beint á móti Stjörubíó



ÁNÆGÐIR Í ADIDAS


adidas



ÁKVEDIN Í ADIDAS

adidas
...annað ekki!

ÞÚ ERT FETI
FRAMAR Í SPORTVÖRUM
FRÁ SPÖRTU



SPORTVÖRUVERSLUNIN

SPARTA

Laugavegi 49 sími 12024

Laugavegi 97 sími 17015



● Sungið af innlifun. Þessi mynd var tekin er hópur Framara vann að gerð plötunnar sem komin er út. Á myndinni má greina margan þekktan Framarann og kannski ekki að furða að útkoman yrði jafngöð og raun bar vitni.

Óskaplata Framara er loksins komin út

– Margir landsfrægir Frammarar láta í sér heyra á plötunni

Glæsileg hljómplata, sem tileinkuð er öllum þeim sem einhvern tíma hafa sparkað bolta í nafni Fram eða eiga það eftir í framtíðinni, er komin út og er hér um mikið listaverk að ræða. Margir þekktustu skemmtikraftar landsins og söngvarar taka til hendinni á plötunni og árangurinn er mjög góður.

Fjögur lög eru á plötunni. „Framlagið“ er eftir Þorgeir Ástvaldsson en textann gerði Ómar Ragnarsson. „Stöngin inn“ er

mjög fjórugt lag eftir Þorgeir og hann gerði einnig textann. Þriðja lagið á plötunni er „Ég er og verða mun Frammari þar til ég dey“. Lagið er eftir Þorgeir Ástvaldsson en textann gerði Ómar Ragnarsson. Fjórða lagið er „Framvalsinn“ en það lag er eftir Sesselju og Arreboe Clausen. Af þeim sem syngja á plötunni má nefna: Ómar Ragnarsson, Pétur Kristjánsson, Helga Björnsson, Helgu Möller, Egil Ólafsson, Þorgeir Ástvaldsson og meistaraflokk Fram ásamt

nokkrum stjórnarmönnum. Þá má einnig nefna Bjarna Felixson þótt ótrúlegt megji virðast. Undirleikur á plötunni var í öruggum höndum Óskars Páls Sveinssonar, Gunnlaugs Briem, og Friðriks Karlssonar, en þeir tveir síðast töldu hafa meðal annars gert garðinn frægan með Mezzoforte. Þetta er plata sem kemur á óvart og er hún seld á aðeins 1000 krónur í Framheimilinu og einnig fast lögín á snældu. Utgáfustjóri var Þorgeir Ástvaldsson.

Pétur jafnar met Marteins

– Knattspyrnudeildin fékk óvænta gjöf eftir sigur gegn KR

Í dag mun Pétur Ormslev, fyrirlíði Fram, leika tímamótaleik fyrir Framliðið. Leikurinn gegn Djurgården er 319. meistaraflokksleikur Péturs Ormslev og hann mun því jafna leikjamat Marteins Geirssonar en hann lék 319 leiki með meistaraflokki Fram á sínum glæsilega ferli. Metið mun Pétur síðan alfarið eignast

ef hann leikur síðari leik Fram gegn Djurgården.

● Glæsilegur sigur Fram gegn KR í Hörpu-deildinni 16. ágúst síðastliðinn færði knattspyrnudeild Fram óvænta peningagjöf. Átt-ræður Framari, Hákon Þorkelsson að nafni, hafði heitið því að færa deildinni 50 þúsund

krónur ef sigur næðist í leiknum. Gjöfin hefur þegar verið afhent heima hjá Háconi og Guðnýju Guðjónsdóttur konu hans. Knattspyrnudeild Fram færir þeim hjónum hugheilar þakkir fyrir rausnarskapinn.

BRITAX HANDA ÞEIM SEM OKKUR ÞYKIR VÆNST UM

Britax BabySure er ungbarnastóll sem er jafn öruggur og meðfæri-
legur inni í stofu og út í bíl.
Vörurnar frá Britax tryggja öryggi
og vellíðan barnsins þíns, – og þá
líður þér líka vel.

Britax



Örugglega hjá Shell



● Fyrirliði b-liðs 6. flokks Fram hampar hér bikarinn sem b-liðið vann á Pollamóti Eimskíps og KSÍ. Fyrirliðinn heitir Halþór Theódórsson og á örugglega eftir að hampa fleiri bikurum í framtíðinni.

Frábær árangur 6.flokks

– Fram vann sigur á Pollamóti Eimskíps og Reykjavíkurmótinu

A- og b-lið 6. flokks Fram hafa náð frábærum árangri á mótum sumarsins undir stjórn Magnúsar Einarssonar þjálfara. Árangur b-liðsins er þó betri en liðið varð Reykjavíkurmestari eftir að hafa sigrad a-lið Fram í úrslitaleik og síðan vann b-liðið sigur á Pollamóti Eimskíps.

Í Pollamótinu lék b-liðið til úrslita gegn KR og sigraði örugglega 6-1. Trausti Jósteynsson skoraði 3 mörk, Hafþór Theódórsson 2, og Örn Ingólfsson 1 mark. A-liðið komst einnig í úrslit á Pollamótinu en tapaði naumlega, 1-2, í úrslitaleik gegn Þór frá Akureyri. Mark Fram skoraði Bjarni Þór Pétursson.

Á Tommamótinu í Eyjum komst b-liðið í úrslit en tapaði úrslitaleiknum eftir vítaspyrnukeppni.

Bæði 6. flokks lið Fram hafa náð frábærum árangri í sumar og um síðustu helgi léku þau til úrslita á Haustmótinu.

„Framtíð félagsins“

„Ég er mjög ánægður með gengi 6. flokks í sumar. Þetta er framtíð félagsins og það verður að hlúa vel að þessum strákum í framtíðinni,“ sagði Magnús Einarsson, þjálfari 6. flokks Fram.



● Hressir Framstrákar á Tommamótinu í Vestmannaeyjum í sumar. Framarar náðu góðum árangri á mótinu og að venju var mikið um dýrðir á þessari mestu knattspyrnuveislu knattspyrnumannanna sem taka eiga við í framtíðinni.



● Lið b-liðs 6. flokks Fram sem vann sigur á Pollamóti Eimskíps og KSÍ. Liðið vann einnig sigur í Reykjavíkurmótinu eftir úrslitaleik gegn a-liði 6. flokks Fram. Með liðinu á myndinni er þjálfari Magnús Einarsson.

Tveir dýrgripir sem allir Framarar þurfa að eignast

Glæsileg hljómplata „Framlögin“ er nú komin út en á plötunni láta margir landsfrægir Framarar í sér heyra. Þar má nefna þá Ómar Ragnarsson, Helga Björnsson, Egil Ólafsson, Þorgeir Ástvaldsson, Helgu Möller og marga fleiri. „Framlögin“ er einnig hægt að fá á snældu.

„Framlögin“ eru til sölu í Framheimilinu á vægu verði, aðeins eitt þúsund krónur.

Þetta eru lög sem þurfa að komast á hvert Framheimili.



FRAM Í 80 ÁR

KNATTSPYRNUFÉLAGIÐ



Stofnað 1. maí 1908

FRAM Í 80 ÁR

er saga Knattspyrnufélagsins Fram, í máli og myndum, frá stofnun þess árið 1908 til ársins 1988. Lítið strákafélag, sem varð til við frumstæðar aðstæður í byrjun aldarinnar varð að stórveldi í tveimur vinsælustu íþróttagreinunum sem stundaðar eru á Íslandi, og hefur staðið sig vel á fleiri sviðum. Höfundur er Víðir Sigurðsson, íþróttafréttamaður á DV.

Þessum fyrirtækjum er þakkaður veittur stuðningur

Verzlunin


Veiðivon

Langholtsvegi 111
104 Reykjavík ☎ 687090

Leukotape®

ÚÐAFOSS

Vitastíg 13 - sími 12301 - Reykjavík



ÍSLANDBANKI

Bankastræti 5.

Ægils

...að sjálfsgöðu!

hótel SAGA

 sími
83366

BÍLARYDVÖRN
Bíldshöfða 5
☎ 681390

BÍLARYDVÖRN
Bíldshöfða 5
☎ 681390

adidas

BÍLAHÖLLIN H/F.

BÍLDSHÖFÐA 5

HÚSIÐ

Skeifan 4 - Sími 68-78-78
Pósthólf 7093 - 127 Reykjavík

papco

HELGARREISUR Í HEIMSMENNINGUNA

LONDON
AMSTERDAM
GLASGOW
LUXEMBOURG
KAUPMANNAHÖFNA
HAMBORG
PARÍS
NEW YORK
FRANKFURT



STÓRBORGASTIKLUR

Stórborgastíklurnar bjóða þér iðandi líf og fjör beint í æð. Leikhús, ópera, fótbolti, verslanir, veitingahús, jass, rokk, listasöfn, málverkasýningar, götukaffihúsin og framandi mannlífið - allt býður þetta utan veggja þægilegra og vel staðsettra hótela í hverri borg. Kynntu þér verðið á þessum upplögðu helgarferðum - og skelltu þér með!



Samvinnuferðir
Landsýn